

Ed.

549. Nefndarálit

í málinu: frumvarp til námulaga.

Vér, sem háttvirt deild hefir kosið til að ihuga frumvarp þetta, höfum orðið ásáttir um að ráða deildinni til að samþykkja það óbreytt í öllum aðalatriðum.

Vér teljum breytingar þær, sem með frumvarpinu eru gerðar á námulögunum frá 22. nóv. 1907 fremur til bóta og með þeim bætt úr ýmiskonar ósmræmi sem nú er í námulögunum. Þó virðist oss rétt að gera nokkurar breytingartillögur við frumvarpið, og mun gerð grein fyrir þeim við framsögu málsins.

Breytingartillögurnar eru þessar:

1. Við 3. gr. Orðin í fyrri lið greinarinnar:
»Með öðrum . . . áhöldum«, falli burt.
2. — 13. — Aftan við fyrri lið greinarinnar bætist: »er þó aldrei má vera minna en 100 metrar á breidd«.
3. — 17. — Aftan við greinina bætist: »sem hús standa á«.

Efri deild alþingis, 21. apríl 1909.

Jósef Björnsson
form.

Steingrímur Jónsson
skrifari og framsögumaður.

Kristinn Danielsson.